

Úr starfsemi ársins 2010

Stjórnendur fyrirtækja þurfa að axla ábyrgð

Fyrsta starfsári Félags atvinnurekenda undir nýju nafni er að ljúka. Við töldum að nýtt nafn gæti skapað féluginu ferskari ásýnd og þannig gætum við nýtt fleiri tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi félagsmanna. Hin stutta reynsla er góð, enda hefur félagið styrkt sig í opinberri umræðu og sem umsagnaraðili um ýmis málefni tengd atvinnurekstri. Það er einnig sérstaklega ánægjulegt að mikill meirihluti félagsmanna telur að nafnabreytingin hafi verið vel heppnuð.

Árið 2010 var um margt sérstakt og endurspeglaði að við göngum nú í gegnum mikla umbreytingu í kjölfar gjörbreyttra efnahagslegra forsendna. Afleiðingarnar koma annars vegar fram í aukinni skattlagningu og viðskiptahindrunum af hálfu hins opinbera og hins vegar í þeirri jákvæðu staðreynd að endurreisn efnahagsreikninga fyrirtækja og heimila virðist vera að komast á skrið. Hagsmunafélag, eins og FA, hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna við þessar aðstæður. Það er ánægjulegt að nýir félagsmenn kjósi að ganga til liðs við okkur og kunna að meta það sem við stöndum fyrir.

Á undanförunum áratugum höfum við Íslendingar byggt upp samfélag að norrænni fyrirmynd m.a. með tilliti til velferðar, jafnréttis og efnahagsumhverfis. Margt er líkt með skyldum, en þó eru tilteknir þættir sem greina okkur frá frændþjóðum okkar. Þar má til dæmis nefna skort á heildarsýn fyrir þjóðfélagið sem mér finnst einkenna íslenskt samfélag. Hvað er okkur öllum fyrir bestu og hvernig hámarkum við gæði heildarinnar, jafnvel á kostnað þröngra hagsmunahópa?

Sterkustu hagsmunahóparnir í íslenskri samfélagsumræðu eru sjávarútvegsfyrirtækin með LÍÚ í forsvari og Bændasamtökin. Stundum mætti halda að þessir tveir geirar héldu uppi atvinnu þorra landsmanna miðað við þá áherslu og umfjöllum sem þeir fá hjá bæði stjórnmalamönnum og fréttamönnum. Auðvitað ber að hafa í huga að sjávarútvegurinn gefur af sér rúmlega 40% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Hann veitir hins vegar ekki nema tæplega 5% atvinnu. Hvað landbúnaðinn varðar, þá er það áhyggjuefni að hin háu framlög til hefðbundinna greina eins og sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu standa öðrum greinum innan landbúnaðarins fyrir þrífum, eins og t.d. ferðaþjónustu og skógrækt. Er það eðlilegt að matvælavæðing á Íslandi sé mun hærra en það þyrfti að vera vegna þess að verið er að vernda eina stétt manna? Þessi afstaða minnir á baráttu setjara gegn því að uppsetning á dagblöðum yrði tölvuvædd, en einhverjar hatrömmustu

launadeilur á Norðurlöndum tengdust einmitt verkföllum setjara.

Við Íslendingar verðum að læra að deila kjörum með öðrum. Hefðbundnar kjaradeilur eiga að heyrja fortíðinni til. Það er hvorki launþegum né atvinnurekendum í hag að fara inn í ný tímabil verðbólgu með tilheyrandi kaupmáttarrýrnun. Við getum hins vegar ekki horft fram hjá því að bæði hefur kaupmáttur almennings minnkað verulega og að fyrirtækin standa höllum fæti og hafa því ekki mikið rými fyrir launahækkanir. En er þá ekkert hægt að gera?

Jú, hvernig væri t.d. að stöðva greiðslur í starfsmenntasjóð tímabundið og lækka tryggingargjald sem atvinnurekendur greiða og láta peningana þess í stað renna til launþega? Við það myndi kaupmáttur launþega aukast, án aukinna gjalda á atvinnurekendur. Þetta væri enn fremur hvati fyrir atvinnurekendur til að skapa ný störf.

Við verðum að sýna skilning á stöðu allra í þjóðfélaginu. Við getum verið stolt af því sem þjóð að á þessum miklu erfiðleikatímum hefur almenningur haldið ótrauður áfram og axlað byrðar sem er langt um fram það sem þekktist í vestrænum samfélögum.

Mér finnst skorta á að við sem erum í forsvari fyrir fyrirtæki á Íslandi tökum þátt í almennri þjóðfélagsumræðu. Að við látum okkur til dæmis varða hvers konar menntakerfi við byggjum upp, bæði á grunnskóla- og háskólastigi, þar sem menntunin er grunnforsenda fyrir uppbyggingu samfélagsins til framtíðar.

Það er trú mín að eftir árið í ár förum við að sjá vöxt aftur í þjóðfélaginu. Framhaldið veltur að miklu leyti á því að okkur takist að leysa ýmis ágreiningsmál með gagnkvæmri virðingu, að við hindrum að atvinnulífið lamist vegna verkfalla og að bæði launþegar og atvinnurekendur axli sína ábyrgð og deili kjörum með öðrum..

Margrét Guðmundsdóttir
stjórnarformaður Félags atvinnurekenda



Aðalfundur - 2010

Aðalfundur Félags atvinnurekenda árið 2010 var haldinn 11. febrúar í fundarsal félagsins á 9. hæð í Húsi verslunarinnar. Gestir fundarins voru Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor við Háskólann í Reykjavík, Baldur Þórhallsson lektor við Háskóla Íslands og Ólafur Davíðsson, fyrrum sendiherra Íslands í Berlín. Yfirskrift fundarins var: Ísland í alþjóðasamfélaginu, Hvaðan komum við? Hvar erum við? Hvert stefnum við?

Dr. Ari Kristinn talaði um mikilvægi þess að færast nær því að atvinnulíf og menntun vinni saman. Lagði hann áherslu á tengsl nemenda og rannsókna þeirra við atvinnulífið til að drífa áfram þann hagvöxt sem við þurfum hér á landi. Hann fjallaði síðan stuttlega um þau 16 ár sem hann dvaldi erlendis og hvernig form íslensku þjóðarinnar hafi breyst á þeim tíma. Landið hafi opnast bæði fyrir inn- og útflutningi, ekki bara í vörum heldur líka í mannauði. Ari sagði að við sem þjóð hefðum margt til brunns að bera og hvatti hann til fjárfestingar í menntun og efla þannig samkeppnisforskot okkar sem þjóðar.

Baldur Þórhallsson fjallaði um Ísland sem smáríki og nálgaðist það með yfirskriftinni „Davíð á móti Golíat“. Hann notaði þá samlíkingu til að sýna fram á hve slæmt væri í raun fyrir Ísland sem smáríki að hafa hvorki efnahagslegt né stjórnmálalegt skjól hjá alþjóðastofnunum eða nágrannaríkjum. Baldur rifjaði upp sögulegar staðreyndir og taldi m.a. upp þær þjóðir sem höfðu áður veitt litla Íslandi þetta skjól. Kom það á daginn að þegar hrúnið átti sér stað í október 2008 og leitað var fyrst allra til Seðlabanka Bandaríkjanna, að við vorum einfaldlega ekki lengur í þeirra efnahagslega skjóli og þeir neituðu okkur. Að lokum talaði Baldur um að Ísland væri eina óvarða smáríkið í Evrópu í dag. Minnti hann á að Íslandi hafi vegnað best þegar það var í sem nánustu sambandi við nágrannaþjóðir sínar.

Hann hvatti þar af leiðandi til að lögð yrði áhersla á að vinna traust þeirra aftur.

Ólafur Davíðsson fór yfir hvernig Ísland væri í þýskri fjölmiðlaumræðu. Talaði hann um að það væri gott að vera Íslendingur í Þýskalandi, en þeir tækju oft landið sem dæmi í fjölmiðlum ef annað land virtist vera stefna í svipað far og við. Töluðu þeir þá um “hið næsta Ísland”. Kom hann inn á hlutverk utanríkisþjónustunnar, þá sérstaklega þegar stórir skellir eins og efnahagshrun dynja á landi. Lýsti hann einnig áhyggjum yfir hve lítil samskipti stjórnmálamanna eru milli þjóðanna.

Í ræðu formanns félagsins, Margrétar Guðmundsdóttur, kom m.a. fram að staða efnahagsmála á Íslandi væri erfið. Algjört hrun hafi orðið í eftirspurn og fyrirtækin sem vinni á innlendum markaði hefðu þurft að laga sig að því. Áhyggjuefni væri að einkaneysla, drifkraftur verslunar- og þjónustustarfsemi, væri ekki að taka við sér. Fyrirtækin í landinu, ekki síst þau litlu og meðalstóru hafi þurft að hagræða og sýna útsjónarsemi. Því miður sé afleiðingin stóraukið atvinnuleysi – sem ekki megi vera viðvarandi.

Heitasta mál þessa aðalfundar var tillaga stjórnar um að breyta nafni félagsins úr Félag íslenskra stórkaupmanna í Félag atvinnurekenda. Helsta ástæða nafnbreytingarinnar er að hugtakið stórkaupmaður er orðið sjaldgæft í íslenskri málnotkun. Þörf hafi verið á nafni sem hefði breiðari skírskotun og væri lýsandi fyrir þau fyrirtæki sem eru aðilar að félaginu dag. Eftir miklar umræður var þessi tillaga samþykkt. Félagið mun áfram vera málsvári verslunar og milliríkjaviðskipta - með áherslu á að minni og meðalstór fyrirtæki verði áfram undirstaða hagsældar í landinu.



Við bjóðum nýja félagsmenn velkomna!

- Epli.is – Skakkiturn ehf. - Haugen Gruppen ehf.
- JF dreifing ehf. - Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.
- Rúnar Ragnarsson - Rými – Ofnasmiðjan ehf.
- Vélasalan ehf. - Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.
- Öryggisfélagið ehf.


Af hverju breyting á nafni félagsins?

- Rökrétt framhald af vinnu ársins 2009 hvað varðar innleiðingu nýrrar stefnu og áherslu á ferskara yfirbragð félagsins.
- Eldra nafn endurspeglar ekki þá breidd sem er í félaginu – það tengja ekki allir félagsmenn sig við „stórkaupmennsku“.
- Eldra nafn hentar síður til að efla og styrkja félagið innan þeirra greina sem það starfar fyrir.
- Almennur skynjaði „stórkaupmenn“ á fremur neikvæðan hátt.



Nafnabreyting félagsins var vel heppnuð

■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hvorki né
■ Ósammála ■ Mjög ósammála



Í könnun meðal félagsmanna FA sem gerð var í janúar 2011 kemur m.a. fram að tæpir tveir þriðju hlutar félagsmanna eru þeirrar skoðunnar að breyting á nafni félagsins hafi verið vel heppnuð.

Hvað segja félagsmenn?



„Ribena ávaxtaþykki er náttúruleg heilsuvara sem tók á sig töluverðar álögur við breytingar á vörugjöldum. Við vorum eðlilega hissa á þessu og leituðum til lögfræðideildar FA með málið. Eftir að hafa skoðað það var það niðurstaða lögmanns FA að varan væri ranglega tollflokkuð og ætti heima í tollflokki sem bæri töluvert lægra vörugjald. Tollstjóri neitaði þessu staðfastlega og því fórum við með málið fyrir Ríkistollanefnd. Lögmaður FA undirbjó málið af kostgæfni og byggði m.a. á fordæmisgefandi dómum Evrópuðómstólsins til stuðnings kröfu okkar sem komu íslenskum yfirvöldum í opna skjöldu. Það er skemmst frá því að segja að málið vannst fyrir Ríkistollanefnd og við getum nú selt vöru okkar án hárra vörugjalda.“

Karl Sigurðsson, fjármálastjóri Icepharma

Purfa stjórnvöld ekki að skoða afleiðingar gjörða sinna?

Sérfræðingar um uppeldi barna eru flestir sammála um mikilvægi þess að börn og ungmenni læri að þekkja afleiðingar gjörða sinna í stóru og smáu. Óvíst er hins vegar hvernig stjórnvöld og stjórnsýsla á Íslandi myndu skora á prófi sem mælir afleiðingar gjörða þeirra. Almennt má segja hvað varðar skattkerfi og ýmsa viðkvæma málaflokka að pólitískur rétttrúnaður einkenni lagasetningu en ekki stefnumótandi mat á því hvaða áhrif aðgerðir stjórnvalda hafa á hegðun fólks og fyrirtækja. Félag atvinnurekenda vill að stjórnvöld skoði afleiðingar gjörða sinna á ýmsum sviðum.



Ráðherra skortir þor

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir augljóst að í ríkisfjármálunum séu stjórnvöld ekki að höndla það að taka stefnumótandi ákvarðanir. Menn þori ekki að breyta landslaginu.

» 24-26


Viðskiptablaðið, fimmtudaginn 26. ágúst 2010

Furður Íslands – 7 dæmi um löggjöf sem nær ekki markmiðum sínum

- Stafar börnum raunveruleg hættu af sjónvarpsauglýsingum? Ef svo er, hver er sú hættu? Leiðir sú hættu til þess að banna þurfi allar auglýsingar í barnaefni eða er til vægara úrræði til að mæta þeirri hættu? Hvað með auglýsingar á íslensku grænmeti, tannkremi, leikhúsi og listum eða skilaboð frá Lýðheilsustofnun – eru þær hættulegar?
- Nær bann við áfengisuglýsingum markmiðum sínum eða eru löglegar áfengisuglýsingar víða aðgengilegar? Hvað eiga íslenskir neytendur að taka til bragðs þegar Carlsberg skiltið sést í sjónvarpsútsendingu frá fótboltaleik eða þegar áfengisuglýsing blasir við í erlendu tímariti?
- Hærri tekju- og neysluskattar skila sér illa. Neytendur (og fyrirtæki) ýmist draga saman seglin þannig að tekjur ríkissjóðs minnka eða freistast til að stunda svarta vinnu og svört viðskipti.
- Hvað þýða hærri launaskattar? Hvað með stórkostlega hækkun tryggingagjalds? Það er sérstakt að hækka launaskatta til að fjármagna atvinnuleysi. Hætt er við að til verði vítahringur þar sem fyrirtæki fækka fólki vegna kostnaðarauka, atvinnulausum fjölgar og tryggingagjöld sem eiga að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð skila sér ekki.
- Hvað þýðir hækkun fjármagnstekjuskatts og breikkun á álagningu auðlegðarskatts á sama tíma og unnið er að afnámi gjaldeyrishafta í skrefum? Það er alveg ljóst að ef menn skattleggja fjármagnið of mikið þá fer það úr landinu. Þá skiptir engu hvaða lífsskoðun menn hafa, það gerist bara.
- Er hættulegt að auglýsa lausasölulýf eins og nikótíntryggjó og frunsukrem? Og ef svo er, er þá hættulegra að auglýsa í sjónvarpi en í útvarpi eða öðrum fjölmiðlum?
- Er það sparnaður í raun ef ríkinu er heimilað að semja beint við erlendar innkaupastofnanir um innkaup á rekstrarvörum? Getur ríkið flutt vörur til landsins og haldið birgðir án viðbótarkostnaðar? Er tekið með í reikninginn að hundruð manna geta misst atvinnu sína og að störf flytjast úr landi? Kannski eru skilaboðin - Ísland, nei takk!

Afleiðingar aukinna skattaálaga

Auknar skattaálögur virðast hafa mikil áhrif á rekstur þeirra fyrirtækja sem tilheyra Félagi atvinnurekenda. 52% þátttakenda í könnun sem framkvæmd var í janúar segja fyrirtæki sitt hafa þurft að grípa til hægræðingaraðgerða beinlínis vegna aukinna skattaálaga. Í flestum tilfellum er um að ræða fyrirtæki sem tilheyra flokki lðn-, rekstrar-, byggingar- og rafvöru-fyrirtækja. Þá er einnig algengt að fyrirtæki á matvæla- og áfengismarkaði telji auknar skattaálögur skaðlegar.



”

Heimóttarskapur

Nú er Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með allt á hornum sér af því að það er möguleiki á að eitthvert kínverskt fyrirtæki kaupi hlut í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki. Ég hef ekki heyrt ráðherrann gagnrýna Samherja fyrir það að fjárfesta rækilega í fiskveiðiheimildum í Evrópusambandslöndum eins og þeir hafa gert. Það virðist því vera allt í lagi að við deilum og drottnum annars staðar en aðrir eiga að gjöra svo vel að láta okkur í friði. Mig minnir að Laxness hafi kallað þetta heimóttarskap og ég held því fram að við höfum ekki efni á svona hugsunarhætti.

Við erum lítið land og mjög háð samskiptum við aðrar þjóðir og ég verð mjög mikið var við að fólk í viðskiptum hefur miklar áhyggjur af þessu. Þá er ég alls ekki að tala um lcesave eða auðlindanotkun, heldur prinsippmál sem tengjast fjárfestum.

Auðvitað er það fráleit hugmynd að Jón Bjarnason bregði fæti fyrir Samherja á einhvern hátt við fjárfestingar erlendis, en ef ráðherrann vill ekki að erlend fjárfesting komi hér inn í íslenskan sjávarútveg, þá á hann að vera samkvæmur sjálfum sér og tryggja að við fjárfestum ekki í sjávarútvegi erlendis. Ef hann sem landbúnaðarráðherra leggur áherslu á að við flytjum út landbúnaðarafurðir með opinberri aðstoð, þá á hann að vera samkvæmur sjálfum sér með því að leggja ekki himinháa tolla á kjöt eða aðrar landbúnaðarafurðir sem menn vilja flytja inn til Íslands. Menn eru þarna í bullandi mótsögn við sjálfa sig.

”

Atburðir á vegum Félags atvinnurekenda

23. mars var haldinn „súpufundur“ með félagsmönnum. Spjallfundur þar sem aðgerðir banka gagnvart fyrirtækjum voru rædd. Framkvæmdastjóri félagsins, Almar Guðmundsson, leiddi umræðurnar. Tilgangur með þessum fundi var að velta upp leiðum fyrir Félag atvinnurekenda til að koma þessum málum í betri farveg.

Helstu umræðuefni fundarins voru:

- Eignahald banka á atvinnufyrirtækjum.
- Ósanngjarnir skilmálar nýrra lánasamninga – mögulegir einhliða tilburðir banka.
- Samkeppnishamlandi ákvæði í lánasamningum.
- Svigrúm til afskrifta með hliðsjón af yfirfærsluverðmæti lánasafna frá gömlum bönkum til hinna nýju.

Á félagsfundi 9. september var vetrardagskrá félagsins kynnt ásamt því að lögfræðingur félagsins Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl. flutti erindi þar sem hann fjallaði, með almennum og aðgengilegum hætti, um efni nýlegra dóma þar sem tekist var á um lögmæti gengistryggðra lánasamninga og forsendubrest. Fjörugar umræður sköpuðust um dómsniðurstöður, skilyrði forsendubrests, fordæmisgildi dómanna og fleiri mál.



25. október var haldinn félagsfundur þar sem farið var yfir áætlunargerð og efnahagshorfur fyrir 2011. Hjálmar Gíslason framkvæmdastjóri Data Market fjallaði um hagtölur og nýtingu Data market til áætlunargerða. Almar Guðmundsson framkvæmdastjóri FA kynnti helstu hagspár sem birtar hafa verið fyrir árið 2011. Að loknum framsögum urðu miklar umræður og skoðanaskipti.



Mikið um að vera á árinu

Aðventustund var haldinn 16. desember, þar sem Guðni Th. Jóhannesson las úr nýrri bók sinni um ævi Gunnars Thoroddsen. Einnig las Helga Thorberg úr bók sinni „Loksins sexbomba á sextugsaldri“. Tenórarnir, Stefán H. Stefánsson og Davíð Ólafsson, skemmtu síðan félagsmönnum á lifandi og skemmtilegan hátt.



Af vettvangi stjórnar

Árið 2010 var viðburðaríkt í starfsemi félagsins. Stöðug hagsmunagæsla fyrir félagsmenn gagnvart ríkisvaldinu einkenndi árið. Áhersla var lögð á aðgerðir til að koma atvinnulífi á hreyfingu og skapa forsendur til vaxtar og fjárfestinga. Félagið lagði einnig meiri áherslu á öflugri lögfræðipjónustu og að félagsmenn myndu láta reyna á ýmis álitaefni gagnvart stjórnvöldum og bönkum.

Á starfsárinu hélt stjórn félagsins alls 12 fundi. Trúnaðarstörf innan stjórnar voru þannig á árinu að Margrét Guðmundsdóttir var formaður og Ólafur Ó. Johnson varaformaður. Meðstjórnendur voru þeir Albert Svavarsson, Birgir S. Bjarnason, Friðrik Ingi Friðriksson og Halldór Haraldsson.

Yfirskrift félagsfundar 13. janúar sl. var „Beina brautin - Skuldaúrvinnsla fyrirtækja: Hvað þarf að hafa í huga?“. Beinu brautinni eru gerð nánari skil á bls. 14 í ársskýrslunni. Þrír framsögumenn voru á þessum fundi, þeir Þröstur Sigurðsson frá Capacent, Unndór Jónsson frá Saga fjárfestingarbanka og Einar Baldvin Axelsson frá Logos. Fluttu þeir innihaldsrík erindi um mikilvægi góðs undirbúnings fyrir skuldaaðlögun og að hagsmunum fyrirtækja gagnvart bönkum sé sinnt af festu. Einnig var rætt um málin í víðara samhengi t.d. hvað varðar ólögmæt gengistryggð lán fyrirtækja, áhrif samkomulagsins á samkeppnisstöðu og eignarhald banka í atvinnufyrirtækjum. Á þessum fundi kom fram að bjartsýni ríkir um að nú fari að hilla undir lausn á skuldavanda fyrirtækja.



Blessaði guð Ísland?

„Blessaði Guð Ísland“ var yfirskrift á opnum fundi í Iðnó sem félagið stóð fyrir 6. október, en þá voru liðin tvö ár frá bankahruni. Félagsmenn, alþingismenn og aðrir gestir fjölmenntu á fundinn.

Margrét Guðmundsdóttir, formaður FA, fjallaði um „Viðskiptaumhverfið á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi – hver er staðan tveimur árum eftir hrun?“. Lagði hún áherslu á að Ísland væri mjög langt frá því að teljast norrænt velferðarsamfélag þegar kemur að aðstæðum fyrirtækja. Hún ræddi einnig samkeppnismál og hvort það sé rétt byggðastefna að skera stórlega niður útgjöld til heilbrigðismála á landsbyggðinni á sama tíma og útgjöld til landbúnaðarmála breytast líðið.

Erindi Þorsteins Pálssonar bar yfirskriftina „Á krossgötum: Pólítískar og hugmyndafræðilegar forsendur endurreisnarinnar“. Erindi hans vakti mikla athygli.

Frosti Sigurjónsson frumkvöðull fjallaði um gróskuna í kringum frumkvöðla á Íslandi. Að lokum fjallaði Almar Guðmundsson um stöðu minni og meðalstórra fyrirtækja og hvernig drifkraftur þeirra gæti nýst betur í endurreisninni.



Félag atvinnurekenda stóð fyrir ráðstefnu þann 29. apríl um framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi



Heilbrigðisþjónusta á Íslandi

Langtímahugsun eða skaðlegar skammtímareddingar?

Félag atvinnurekenda boðar til ráðstefnu um framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ráðstefnan verður haldin á Grand hóteli fimmtudaginn 29. apríl kl. 8.30–12.00.

Dagskrá:

1. Framtíð frumlyfja á íslenskum heilbrigðismarkaði
Robin Turner, forstjóri Roche í Danmörku
2. Mikilvægi heimamarkaðar fyrir Actavis
Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Medis og Ólöf Þórhallsdóttir, markaðsstjóri Actavis á Íslandi
3. Ný tækifæri í heilbrigðisþjónustu
Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri Primacare
4. LSH – stefnumótun og framtíðarsýn
Björn Zoëga, forstjóri LSH
5. Lækningatæki á Landspítala
Gísli Georgsson, deildarstjóri á Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild LSH
6. Ríkið í hlutverki kaupanda lyfja og heilbrigðistækja – útboðsmál á Íslandi
Páll Rúnar M. Kristjánsson yfirlögfræðingur FA

Boðið verður upp á léttan morgunverð og kaffiveitingar.

Fundargjald: kr. 4.000,-

Skráning á atvinnurekendur@atvinnurekendur.is eða í síma 588-8910.

Félag atvinnurekenda er hagsmunasamtök fyrirtækja í inn- og útflutningi, heildsölu og smásölu. Innan vebanda félagsins eru m.a. fyrirtæki sem veita fjölda fólks atvinnu við innflutning, sölu og markaðssetningu á lyfjum og heilbrigðisvörum.



Kröftugt námskeiðahald

Eitt af hlutverkum Félags atvinnurekenda er að bjóða félagsmönnum upp á fjölbreytt námskeið. Námskeið sem höfða bæði til stjórnenda og almennra starfsmanna. Þessi námskeið hafa ávallt verið vel sótt, auk þess sem félagsmenn eru duglegir að benda á þörfina fyrir námskeið á nýjum sviðum.



Boðið var upp á eftirfarandi námskeið 2010

Sölu og þjónustunámskeið – Að gera sitt besta á hverjum degi

Leiðbeinandi: Gísli Blöndal

Sölustjórnun

Leiðbeinandi: Bjarni Þór Þórólfsson

Markaðssetning á krepputímum og breytingar á neytendahegðun – Tækifæri og ógnanir

Leiðbeinandi: Dr. Valdimar Sigurðsson

Innkaupastjórnun

Leiðbeinandi: Thomas Möller

Jákvæðni, húmor og hlýlegt viðmót

Leiðbeinandi: Edda Björgvins

Markaðssetning sem fjárfesting - Mælingar á neytendahegðun

Leiðbeinandi: Dr. Valdimar Sigurðsson

Skyndihjálpið – Gæti starfsfólkið þitt bjargað mannlífi

Leiðbeinandi frá Rauða krossi Íslands

Frammistaða og afköst – Managing power, focus and energy

Leiðbeinandi: Gunnar Jónatansson

MindManager 9

Leiðbeinandi frá Verkefnalausnum

Árangursrík samningatækni

Leiðbeinandi: Aðalsteinn Leifsson

Námskeið í stjórnslurétti – samskipti stjórnvalda og fyrirtækja

Leiðbeinandi: Páll Rúnar M. Kristjánsson

Sölumennska fyrir framlinufólk – Besta leiðin til að auka tekjur verslana

Leiðbeinandi: Gísli Blöndal

Vinnuréttur – uppsagnir starfsmanna

Leiðbeinendur: Páll Rúnar M. Kristjánsson og Margrét Guðmundsdóttir



Öflug lögfræðipjónusta...


Félag atvinnurekenda veitir félagsmönnum sínum lögfræðilega ráðgjöf og stuðning í viðskiptum þeirra og þar eru viðskipti við hið opinbera ekki undanskilin. Bæði er um að ræða mál sem unnin eru fyrir einstaka hópa félagsmanna, sem og mál fyrir einstaka félagsaðila.

Þjónusta lögfræðideildar FA

Almenn mál á stjórnarsýslustigi	Málarekstur fyrir félagsmenn á stjórnarsýslustigi s.s. útboðsmál, tollamál, kærumál fyrir heilbrigðiseftirliti, mál fyrir kærunefnd neytenda- og lausafjárkaupa, o.s.frv.
Ráðgjöf og aðstoð á sviði vinnuréttar	- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga og uppsagnir starfsmanna. - Liðsinni í deilum við starfsmenn og stéttarfélög.
Gerð samninga	- Gerð almennra viðskiptasamninga. - Yfirlestur samninga og tæknileg ráðgjöf t.d. hvað varðar samninga yfir landamæri.
Almenn ráðgjöf á sviði viðskipta	Svör við fyrirspurnum um lögfræðileg álitaefni sem geta orðið tilefni til lögfræðilegs álits sem ýmist er unnið af lögfræðingum FA eða öðrum.
Aðstoð við stofnun og breytingar á félögum	Stofnun hlutafélaga, samrunar, skiptingar, breytingar samþykktu o.s.frv.
Ráðgjöf við úthýsingu lögfræðiverkefna	Aðstoð við að finna sérfræðinga á ákveðnu sviði, semja um kostnað og eftirfylgni með verkefninu.

Lögfræðipjónusta FA er mikilvægur hluti þjónustuframboðsins

■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hvorki né ■ Ósammála ■ Mjög ósammála



Í könnun meðal félagsmanna FA sem gerð var í janúar kemur fram gríðarleg ánægja með lögfræðipjónustu félagsins.

Hvað segja félagsmenn?



„Í vetur lentum við í smá deilum við flutningsaðila okkar vegna mistaka sem hann gerði við tollskýrslugerð. Í upphafi neitaði sá aðili að bæta tjónið. Við leituðum því til Páls Rúnars, lögmanns FA, og hann kláraði málið fyrir okkur. Við fengum tjónið okkar bætt og málinu var lokið af mikilli fagmennsku.

Friðfinnur Magnússon,
framkvæmdastjóri JF dreifingar

...sem skilar félagsmönnum árangri

Lögfræðipjónustan rak mörg mál fyrir hönd félagsmanna á árinu. Árangur var almennt mjög góður og fólst hann jafnt í fjárhagslegum ávinningi félagsmanna, sem og bættri samkeppnisstöðu og meira jafnræði á markaði.



Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl., yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda, þáði á árinu boð um að sitja í ritnefnd hins virta alþjóðlega fræðirits Public Procurement Law Review (PPLR). PPLR er leiðandi á sviði útboðsréttar og eru ritstjórar þess meðal fremstu fræðimanna á því sviði. Framlag Páls Rúnars verður aðallega í evrópskum útboðsrétti og Evrópurétti en Páll Rúnar stundar nú LL.M. nám á því sviði við Nottingham háskóla á Englandi undir leiðsögn Dr. Sue Arrowsmith lagaprófessors. Félag atvinnurekenda leggur áherslu á að viðhalda og efla enn frekar sérfræðipækkingu félagsins á opinberum innkaupum. Seta Páls Rúnars í ritnefnd PPLR mun þar án efa koma sér vel.

Á árinu gerðist FA aðili að gagnabanka World Customs Organization. Þar með hefur félagið ávallt aðgengi að þeim gögnum sem mestu ráða við ákvörðun á tollskyldu. Slík gagnaveita hefur gefið félaginu tækifæri til að veita aðildarfélögum aðstoð við hagkvæmari tollflokkun á vörum þeirra. Það getur sparað þeim verulega fjármuni og styrkt þá í samkeppni.



Hagsmunabarátta félagsins á árinu skilaði lægra verði á ávaxtaþykkni

Mál fyrir kærunefnd útboðsmála

- Á árinu rak lögfræðipjónusta FA mörg mál fyrir kærunefnd útboðsmála f.h. félagsmanna
- Í málum þessum náðust m.a. fram stöðvanir á nokkrum útboðum, ógildingar og viðurkenningarkröfur f.h. félagsmanna.
- Meðal þeirra mála sem rekin voru af FA voru nokkur af þeim umfangsmestu á árinu.
- Í júní vann félagið mál fyrir hönd Iceland Express fyrir kærunefnd útboðsmála þar sem tekist var á um lögmæti rammasamnings sem hið opinbera hafði gert við Icelandair án útboðs.

Mál fyrir Ríkistollanefnd

- Í maí vannst mál fyrir Ríkistollanefnd er varðaði tollflokkun á ávaxtaþykkni sem leiddi til þess að vörugjöld voru 16 kr. á hvern lítra í stað 160 kr. áður. Ljóst er að heildaráhrif þessara breytinga nema tugmiljónum á hverju ári.

Álit Umboðsmanns Alþingis

- Í ágúst skilaði Umboðsmaður Alþingis álitinu sínu í máli 5671/2009 vegna kvörtunar sem FA lagði fram f.h. félagsmanns.
- Í málinu var deilt um heimildir til að endurúthluta tollkvóta á kjöti. Umboðsmaður féllst í málinu á sjónarmið FA um að heimilt væri að endurúthluta slíkum kvóta. Slíkt þyrfti hins vegar að eiga sér stað innan ákveðins tímaramma.
- Umboðsmaður fjallaði í málinu með mjög afgerandi hætti um tollkvóta og tilgang hans. Þar hélt umboðsmaður uppi sömu sjónarmiðum og FA hefur teflt fram á undanförunum árum.

Gengistryggð lán – langvarandi og dýr óvissa

Í byrjun sumars 2010 féllu dómar er vörðuðu lögmæti gengistryggðra lána er sköpuðu óvissu um hvernig fara skyldi með þessi lán hjá fyrirtækjum. Dómar Hæstaréttar þóttu skýrir um að gengistrygging lánsfjár í íslenskum krónum væri ólögmæt en nýjar spurningar vöknuðu um vaxtastig og annars konar verðtryggingu.


FA kallaði eftir aðgerðum ekki síst frá stjórnvöldum til að eyða þessari óvissu. Lagði FA til að ríkisstjórnin skipaði strax sérfræðinganefnd sem færi yfir málefni gengistryggðra lána og legði fram lista yfir helstu álitaefni sem nauðsynlegt yrði að fá úrskurð dómstóla um. Jafnframt að ríkisstjórnin setti lög eða skapaði önnur réttarfarsúrræði til að dómstólar gætu forgangsraðað þannig að öll mál tengd gengistryggingu lána yrðu tekin fyrir eins fljótt og auðið væri og dómarar kallaðir úr réttarhléi eða þau stytt til að flýta afgreiðslu

málanna. Langvarandi óvissa gæti haft víðtæk áhrif, meðal annars á kjarasamninga auk þess sem biðin væri fyrirtækjunum dýr.


FA lagði á það áherslu að hagsmunaaðilar, jafnt lántakendur sem lánveitendur, létu reyna á álitaefnin fyrir dómstólum. Hefur FA boðið félagsmönnum sínum aðstoð lögfræðings félagsins við undirbúning slíkra mála.

Í nýlegri könnun FA kom skýrt fram að mikill fjöldi félagsmanna á mikið undir því að óvissu varðandi gengistryggingu lána fyrirtækja verði eytt eins og sjá má á niðurstöðu könnunarinnar. Það má því segja að varnaðarorð félagsins í sumar og hvatning þess til stjórnvalda um að vinna fumlaut að málinu hafi verið á rökum reist.

Er fyrirtæki þitt í lausafjárvandræðum eða vanskilum í dag?



Telur þú að fyrirtæki þitt hafi tekið ólögmætt gengistryggt lán?



Hvað segja félagsmenn?

„Á síðasta ári leitaði Iceland Express til FA vegna álitamáls er varðaði innkaup opinberra aðila á farmiðum sem fóru fram án útboðs. Lögmaður FA tóka að sér málið og kláraði það frá upphafi til enda með mjög jákvæðri niðurstöðu fyrir Iceland Express. Nú er staðan sú að ólögmætum samningum hins opinbera hefur verið rift og útboðsferli er hafið. Það er alveg ljóst að Iceland Express sér mikinn hag í því að geta leitað til FA og þeirra sérfræðinga sem þar starfa.“

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express

Ógna bankarnir samkeppni?

Framkvæmdastjóri FA gagnrýndi á fyrri hluta ársins frumvarp viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Taldi hann að þögn frumvarpsins um eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum festi í sessi óeðlileg völd bankanna í atvinnulífinu.

Í frumvarpinu væri fáttað sem takmarkaði hversu lengi bankarnir gætu átt fyrirtæki í atvinnurekstri eða hvenær þau skyldu seld. Í verklagsreglum fjármálafyrirtækja væri sagt „stefna skal að því að selja eignarhluti í fyrirtækjum eins fljótt og hagkvæmt er“ þetta orðalag væri ekki fullnægjandi og óeðlilegt væri að hagkvæmnissjónarmið banka væru sett ofar öðrum sjónarmiðum. Jafnframt ætti ekki að vera túlkunaratriði bankanna sjálfra hvað teldist „tímabundin“ eign bankanna.

Nauðsynlegt væri því að setja bönkunum þrengri ramma um inngrip á samkeppnismarkaði. Í frumvarpinu yrði að vera ákvæði sem takmarkaði nákvæmlega hversu lengi

bankarnir gætu átt atvinnufyrirtæki enda ekki heppilegt að bankar í ríkiseigu ættu árum saman fyrirtæki sem væru í harðri samkeppni við fyrirtæki í einkaeigu.

Nú þegar mótuðust heilu atvinnugreinarnar af því að fyrirtæki væru í eigu banka og skilanefnda í samkeppni við einkaaðila og í innbyrðis samkeppni. Stjórnvöld yrðu að setja skýrar leikreglur og fela Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir til að takmarka eignarhald bankanna og fylgja málum eftir.

Löggjöfin fór í gegn án nægilegs tillits til ofangreindra sjónarmiða FA. Félagið mun því standa vaktina áfram hvað varðar eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum. Mikilvægt er að úrlausn mála sé hafin yfir skynsamlegan vafa.



Samkomulag um skuldaúrvinnslu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Í árslok 2010 var skrifað undir samkomulag er felur það í sér að úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði hraðað verulega. Að samkomulaginu standa, auk Félags atvinnurekenda, efnahags- og viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands.


Meginatriði samkomulagsins eru þau að tryggja sem best hagsmuni kröfuhafa, starfsmanna og eigenda fyrirtækjanna og að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu verði við það miðað að heildarskuldsetning fyrirtækjanna fari ekki fram úr endurmetnu eignar- eða rekstrarvirði þeirra, hvort sem er hærra að viðbættu virði annarra trygginga sem standa til tryggingar skuldum fyrirtækisins.

Lítill eða meðalstór fyrirtæki á Íslandi eru talin vera ríflega 90% allra fyrirtækja landsins og áætlaður fjöldi þeirra á þriðja tug þúsunda. Ennfremur er áætlað að um 80% íslenskra fyrirtækja hafi lent í einhverskonar rekstrarvanda eftir efnahagshrunið haustið 2008. Er aðgerðunum ætlað að ná til þeirra fyrirtækja sem eru í skuldavanda vegna skulda allt að einum milljarði.

Með samkomulaginu er stefnt að því að ljúka skoðun á fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja fyrir 1. júní 2011 og lífvænlegum fyrirtækjum sem eru í fjárhagsvanda gert tilboð um úrvinnslu skulda þeirra. FA leggur áherslu á það gagnvart félagsmönnum að þeir undirbúi þetta ferli vel og leiti sér viðeigandi sérfræðiaðstoðar.

Viðhorf félagsmanna

Félag atvinnurekenda framkvæmdi nýverið könnun sem ætlað var að kanna viðhorf félagsmanna gagnvart starfsemi félagsins inn á við og út á við. Þar að auki var könnuninni ætlað að kanna afstöðu félagsmanna til hinna ýmsu málefna, s.s. aðgerða stjórnvalda, efnahagsástandsins og Evrópumála.



Samverjinn leysti hjálparstofnanir af: 100-200 manns í hádegismat virka daga í júlí

FA stóð að Samverjanum ásamt nokkrum öðrum stofnunum og fyrirtækjum, en Samverjinn bauð upp á heitar máltíðir í Stýrimannaskólanum virka daga í júlímánuði á meðan hjálparstofnanir lokuðu vegna sumarleyfa og því ekki um neina matvælaaðstoð að ræða til þeirra sem minna mega sín.

Var rennt nokkuð blint í sjóinn með verkefnið en í upphafi var gert ráð fyrir að um 100 manns hefðu þörf fyrir þessa aðstoð. Raunveruleikinn varð hinsvegar sá að upp undir 200 manns þáðu aðstoðina hvern dag.

Fyrirtæki innan FA gáfu hráefni sem félagar í Klúbbi matreiðslumeistara sáu um að matreiða. Mörg fyrirtæki innan FA sem ekki eru á matvælasviði gáfu einnig vinnu við frágang og undirbúning hvern dag.

Færir FA öllum þeim sem á einn eða annan hátt stóðu að verkefninu sínar bestu þakkir.




Viðhorf félagsmanna


Félagsmenn FA eru almennt fylgjandi aðildarviðræðum við Evrópusambandið samkvæmt könnunni. Félagsmenn eru ekki jafn hlynntir aðild að ESB en 34% eru ýmist sammála eða mjög sammála aðild. Í flestum tilfellum eru það fyrirtæki í útflutningi sem segja sig mótfallin aðildarviðræðum við Evrópusambandið en oftast eru það fyrirtæki með iðn-, rekstrar-, byggingar- og rafvörur, auk fyrirtækja á heilbrigðissviði sem eru hlynnt aðildarviðræðum.

Félagsmenn í FA hafa litla trú á íslensku krónunni, aðeins 12% telja hana vera framtíðargjaldmiðil fyrir Ísland.


Krónan er framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland



Ertu sammála aðildarviðræðum við ESB?




Ertu sammála inngöngu í ESB?



Hefur starfsmönnum fjölgað eða fækkað síðan 1. október 2008?

Hjá flestum fyrirtækjum innan félagsins hefur starfsmannafjöldi staðið í stað síðan við hrun í október 2008. Hins vegar hefur starfsmönnum í flestum tilvikum fækkað hjá þeim fyrirtækjum sem ráðist hafa í skipulagsbreytingar. Slíkum breytingum hefur fylgt starfsmannafækkun um allt að 20 manns.

Hjá þeim fyrirtækjum sem hafa fjölgað starfsmönnum, hefur fjölgunin numið allt að 8 manns. Algengast er að fjölgun starfsmanna hafi átt sér stað í fyrirtækjum í heilbrigðisvöru- og lyfjageiranum. Rúmlega 58% þessara fyrirtækja, eða 7 af 12, hafa fjölgað starfsmönnum.




Enginn ein atvinnugrein sker sig úr þegar fækkun starfsmanna er skoðuð. Nefna má að fyrirtæki sem tilheyra matvöru-, áfengis-, iðn-, rekstrar-, byggingar og/eða raftækjamarkaði hafa almennt fækkað starfsfólki síðan 1. október 2008.

Heimsmet í gjöldum á áfengi?

Félag atvinnurekenda hefur ítrekað bent á að hækkanir á áfengisgjöldum leiða til minni „opinberrar“ sölu á áfengi. Það leiðir aftur til þess að tekjur ríkissjóðs af gjöldunum eru ofmetnar. Stjórnvöld neita að horfast í augu við þessa staðreynd. Miðað við stöðuna á miðju ári 2010 var Ísland með hæstu áfengisgjöldin á Norðurlöndum – síðan þá hafa gjöldin hækkað enn hér á landi. Tveir þriðju hlutar verðs léttvinsflösku eru skattlagning og álagning ÁTVR. U.þ.b. 85% af verði sterkra vína er skattlagning og álagning ÁTVR.

Áfengisgjald á Norðurlöndunum (Evrur pr. líter af 100% alkóhóli)



	2008	2010	Breyting
Rauðvín 13,5% - 750ml			
Söluverð	1.500 kr.	1.899 kr.	27%
Innkaupsverð			
Hlutfall	41,39%	34,13%	
Upphæð	621 kr.	648 kr.	4%
Áfengisgjald			
Hlutfall	29,69%	33,39%	
Upphæð	446 kr.	634 kr.	42%
VSK			
Hlutfall	19,68%	20,32%	
Upphæð	295 kr.	386 kr.	31%
Álagning ÁTVR			
Hlutfall	9,24%	12,16%	
Upphæð	139 kr.	231 kr.	66%



	2008	2010	Breyting
Vodka 37,5% - 700ml			
Söluverð	3.193 kr.	4.476 kr.	40%
Innkaupsverð			
Hlutfall	20,48%	15,62%	
Upphæð	654 kr.	699 kr.	7%
Áfengisgjald			
Hlutfall	54,69%	55,53%	
Upphæð	1.746 kr.	2.485 kr.	42%
VSK			
Hlutfall	19,68%	20,32%	
Upphæð	628 kr.	909 kr.	45%
Álagning ÁTVR			
Hlutfall	5,15%	8,54%	
Upphæð	164 kr.	382 kr.	132%

Hvað segja félagsmenn?




„Það kemur margt uppá í umfangsmiklum rekstri og það getur verið gríðarlega mikilvægt að hafa aðgang að sérfræðingum sem eru tilbúnir að svara fljótt og vel. Þar höfum við komist að því að FA er góður kostur fyrir Vífilfell. Á síðastliðnum misserum höfum við í síauknum mæli leitað til lögfræðideildar FA með margvísleg mál. Við höfum komist að því að þar er þekking og reynsla á þeim sviðum sem starfsemi okkar tekur til og við höfum nýtt okkur það. Reynslan hefur undantekningalaust verið jákvæð og hefur þessi þjónusta skilað okkur miklu.“

Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells


Skattastefnan í hnotskurn...

Ég hef sjálf(ur) neytt sterks heimabruggaðs áfengis á sl. 12 mánuðum




„Lónlí BlúBojs“ eru komnir aftur á fóninn. „Það blanda allir landa upp til stranda“. Skv. könnun Félags atvinnurekenda, sem gerð var í nóvember 2010, hafa 72% ungmenna á aldrinum 16-24 ára annað hvort drukkið heimabruggað sterkt áfengi eða orðið vör við slíkt. Um 40% þeirra hafa drukkið slíkt á síðustu 12 mánuðum skv. könnuninni. Þetta eru grafalvarlegar afleiðingar skattastefnu á áfengi. Ungmennni hætta ekki að drekka – heldur færist neyslan út fyrir markaðinn. Þar er engin yfirsýn á þróunina, ekkert gæðaeftirlit og engin opinber gjöld. Er það virkilega það sem við viljum?

Allir



Ungir 16-24 ára



Vísbendingar um aukið heimabugg

● Stórtækur bruggari hafði aldrei komist í kast við lög ● Brugg fyrir allt að milljón kr. á heimili hans

Vísbendingar eru um að heimabugg hafi fæst í aukana að undanförnu, þótt enn sem komið er liggi engar tölur fyrir því til staðfestingar. Þetta segir Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfir lögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, spurður um tilfinningu lögreglu fyrir bruggstarfsemi. Eins og komið hefur fram var maður á fertugsaldri handtekinn í vesturbæ Kópavogs í gærmorgun vegna umfangsmikillar landaframleiðslu, en á heimili hans fundust 850 lítrar af gamba og 400 lítrar af

landa. Hann játaði fyrir lögreglu að hafa verið að framleiða og selja framleiðslu sína í nokkra mánuði. Aðspurður hvort bruggarinn sé góðkunningi lögreglu svarar Sigurbjörn Víðir því til að viðkomandi hafi aldrei áður komist í kast við lög vegna hegningarlögbrots. Margfalt ódýrari en vodka Hvað snerti verðmæsti framleiðslunnar segir Sigurbjörn Víðir erfitt að áætla það eða hversu mikið maðurinn hefði getað bruggað á mánuði.



Sviðsett mynd Ekki er vítað hvort maðurinn hafi selt unglingum.

Hjá Adalsteini Adalsteinssyni, rannsóknarlögreglumanni á höfuðborgarsvæðinu, fengust þær upplýsingar að landi seldist á 2.000-2.500 kr. Má til samanburðar nefna að lítri af Absolut vodka með 40% styrkleika kostar 6.908 kr. í verslunum ÁTVR. Samkvæmt því hefði verðmæsti landans, alls 400 lítrar, numið allt að milljón króna á götunni. Má því ætla að veltan af brugguninni hefði numið tugum milljóna á ári. Manninum var sleppt að loknum yfirheyrslum og er málið talið upplýst.

Með þeim stærstu

» Lögreglan segir verksmiðjuna sem lokað var í Kópavogi hafa verið eina þá stærstu sem um getur hér á landi.

» Verksmiðjan var búin fullkomnum tækjum en ekki er vítt að til þess að bruggarinn hafi búið yfir sérþekkingu sem gagnadist við framleiðsluna.

Samband íslenskra auglýsingastofa

Samband íslenskra auglýsingastofa, SÍA, var formlega stofnað 18. maí 1978. Um áramót 2009-2010 gengu samtökin í FA og aðildarfélög SÍA þá um leið. Í dag eru 7 auglýsingastofur og 1 birtingastofa starfandi innan SÍA.

Verið er að leggja lokahönd á nýjar siðareglur sem eru þýddar úr nýuppfærðum siðareglum EACA (Evrópu-samtök auglýsingastofa) og Alþjóða verslunarráðsins. Þar er m.a. tekið á því umhverfi sem orðið hefur til með tilkomu internetsins og vantaði í gömlu siðareglurnar.

Fjölmiðlarannsóknarnefnd hefur tekið þátt í endurskoðun á fjölmiðlakönnunum Capacent vegna breytinga sem standa fyrir dyrum.

Vinna kynningarnefndar við nýja heimasíðu SÍA er að ljúka og von á að hún líti dagsins ljós fyrir aðalfund SÍA í lok mars.

Stjórn SÍA hefur, með dyggri aðstoð FA, beitt sér gegn nokkrum ákvæðum í drögum til nýrra fjölmiðlalaga og mætti tvisvar fyrir Mennta- og menningarmálanefnd Alþingis til að fylgja því eftir.

Framundan eru fjölmörg verkefni og óhætt að segja að það vinnumhverfi sem skapaðist við flutning SÍA til FA virki mjög hvetjandi.

Þetta eru atriði sem varða tjáningarfrelsi, auglýsingar á áfengi, lyfjaauglýsingar og auglýsingar fyrir börn. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hver niðurstaðan verður.

SÍA hefur á undanförunum árum unnið með Ímark að framkvæmd og undirbúningi Lúðrahátíðarinnar svokölluðu, en það er hátíð bransans þar sem athyglisverðustu auglýsingar ársins eru verðlaunaðar. Í ár fer hátíðin fram á Nordica 4. mars og tókst samkomulag milli Ímark og SÍA um þó nokkur atriði sem SÍA taldi að betur mættu fara.

Árshátíð SÍA var haldin í Súlnasal Hótel Sögu í nóvember og sá Fíton um framkvæmdina að þessu sinni. Þema hátíðarinnar var „Reunion“ og skartaði plakatið myndum af starfsfólki stofanna í anda þess.



Magnús Loftsson, Formaður SÍA



Í lögum félagsins segir þetta um tilgang SÍA:

1. Að efla faglega hæfni aðildarfyrirtækjanna til þess að veita sem fullkomnasta þjónustu á öllum sviðum auglýsinga- og markaðsmála.
2. Að annast almenna kynningarstarfsemi til þess að auka þekkingu og skilning á auglýsinga- og markaðsfræðum og starfsemi auglýsingastofa.
3. Að koma fram fyrir hönd aðildarfyrirtækjanna gagnvart opinberum aðilum, hagsmunasamtökum og hliðstæðum samtökum erlendis.

Samstarf FA og SFÚ

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ eru 16 ára gömul samtök er gengu til félags við FA í ársbyrjun 2010. Í samtökunum eru mörg stærstu fiskvinnslufyrirtæki landsins sem byggja hráefnisöflun sína á kaupum á fiskmörkuðum. Í mars 2010 réð SFÚ til sín framkvæmdastjóra en fram að þeim tíma höfðu samtökin ekki haft starfsmann. Samstarf FA og SFÚ hefur byggst á því að framkvæmdastjóri SFÚ hefur aðstöðu hjá FA og er í 30% starfi hjá FA sem telst vera greiðsla samtakanna fyrir aðstöðu o.fl. Hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Helstu baráttumál SFÚ snúa að samkeppnismálum, m.a. að fiskvinnslur sitji við sama borð er kemur að verðlagningu hráefnis óháð því hvort vinnslan sé í eigu aðila sem á aflaheimildir eður ei. En eins og málum er nú háttað getur sá sem bæði á útgerð og vinnslu keypt hráefni af sjálfum sér á verði sem er umtalsvert undir markaðsverði. Gefur slík undirverðlagning þeim aðilum svigrúm til að borga hærri verð á opnum

fiskmörkuðum og jafnframt að undirbjóða fullunna vöru til kaupenda erlendis.

Ofangreind baráttumál eru í góðu samhengi við útflutningshóp FA sem í gegnum tíðina hefur lagt áherslu á að aðilar í innlendri fiskvinnslu búi við jafna og eðlilega samkeppnisstöðu – ekki síst hvað varðar aðgengi að hráefni.

SFÚ á fulltrúa í ýmsum nefndum og starfshópum s.s. í fagráði hjá Íslandsstofu, samningahópi sjávarútvegsins varðandi ESB og starfshópi um endurskoðun fiskveiðistjórnunarлага.

Með samstarfi SFÚ og FA má segja að aukin breidd náist í starfsemi beggja aðila og staða þeirra styrkist. Sérþekking á sjávarútvegi verður nú enn meiri innan FA og á móti hafa fyrirtæki innan SFÚ nýtt sér þá fjölbreyttu þjónustu sem FA býður uppá, ekki síst lögfræðiþjónustuna.



Hefur þú hug á að stunda viðskipti við Kína eða Indland?

Þá ert þú á réttum stað innan Félags atvinnurekenda.

FA hýsir tvö verslunarráð, Íslensk – kínverska verslunarráðið og Íslensk – indverska verslunarráðið. Bæði ráðin hafa það meginmarkmið að efla viðskipti á milli landanna og veita fyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf, miðla viðskiptasamböndum, standa fyrir málþingum, taka á móti sendinefndum o.fl.



Fjárfestingarsjóður stórkaupmanna

Hlutverk Fjárfestingarsjóðs stórkaupmanna (FS) er að yfirfara lánsúmsóknir vegna fjárfestingarlána frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. En sjóðurinn hefur í mörg undanfarin ár haft milligöngu um lánveitingar þessar til félagsmanna. Lán úr þessum lánaflokki eru veitt gegn veði í fasteign og eru til allt að 20 ára. Stærð lánaflokksins er u.þ.b. kr. 300 milljónir. Síðustu ár hefur dregið verulega úr þessum lánveitingum í samræmi við samdrátt í almennum fjárfestingum.

Félagsmenn eru hvattir til þess að kynna sér kosti Fjárfestingarsjóðsins en nánari upplýsingar er hægt að fá hjá formanni sjóðsins svo og hjá skrifstofu félagsins.

Í stjórn FS eru Stefán S. Guðjónsson formaður, Benedikt E. Gunnarsson varaformaður, Arnar R. Birgisson, Jón G. Baldvinsson og Ólafur Ó. Johnson.



Hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar, Global Blue, Iceland Refund, Félags atvinnurekenda og Kaupmannasamtakanna:

Við tilnefningu ferðamannaverslunar ársins er leitast við að verðlauna þá verslun sem hefur náð hvað bestum sölurangri til erlendra ferðamanna milli ára. Horft er til markaðs- og kynningarmála, svo sem auglýsinga, heimasíðu og útlits almennt. Aðrir þættir eru einnig metnir sérstaklega svo sem þjónustulund, opnunartími, merkingar um endurgreiðslu virðisauka auk útlits og lýsingar verslunarinnar. Einnig er framkoma og tungumálakunnátta starfsfólks metin og þekking þeirra á söluvörum.

Njarðarskjöldinn 2010 hlaut Gullkúnst Helgu, Laugarvegi 13



Starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á árinu 2010



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Starfsemi og rekstur lífeyrissjóðsins á árinu 2010 var að flestu leyti hagfelldari en árið á undan. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir endanlegt ársuppgjör fyrir lífeyrissjóðinn þegar þetta er skrifað er það ljóst að afkoma sjóðsins fer batnandi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þáttum í starfsemi sjóðsins á árinu 2010.

Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2010 var jákvæð og ekki langt frá þeirri ávöxtun sem gerð er til lífeyrissjóða í tryggingafræðilegu uppgjöri. Allir eignaflokkar þ.e. erlend verðbréf, bankainnstæður, innlend skulda- og hlutabréf og sjóðfélagalán skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu. Það er mat stjórnenda sjóðsins að ekki sé þörf á viðbótar varúðarfærslum í afskriftareikning vegna skuldabréfa útgefinna af innlendum fyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum. Færð verður viðbótarvarúðarfærsla vegna sjóðfélagálána, en fjárhæð framlagsins hefur óveruleg áhrif á ávöxtun sjóðsins.

Eignasafn sjóðsins nemur nær 310 ma.kr. og er samsetning þess traust. Undanfarin misseri hefur vægi trausta skuldabréfa og ríkistryggðra innlána aukist. Af eignum sjóðsins í árslok er um 28% í ríkistryggðum skuldabréfum, bankainnstæður nema 13%, skuldabréf sveitarfélaga og fyrirtækja 13% og lán til sjóðfélaga 12% en að baki þeim standa rúmlega 7.300 lántakendur auk þess sem lánin eru tryggð með veði í fasteign. Erlend verðbréf nema um 30% eigna og eru þau í

eignastýringu hjá traustum erlendum fjárvörsluaðilum sem fjárfesta í vel áhættudreifðum hlutabréfasöfnum stórra alþjóðlegra fyrirtækja. Innlend hlutabréf nema um 4% af eignum. Af upptalningu hér að framan sést að eignasafn sjóðsins er vel áhættudreift og traust. Rétt er að taka fram að enn ríkir óvissa um uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga við gömlu viðskiptabankana og leiða má líkur að því að ágreiningurinn verði leystur fyrir dómstólum.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er metin árlega samhliða gerð ársreiknings. Í árslok 2009 var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 10,8% og var gripið til nauðsynlegra aðgerða sl. vor til að bæta stöðu sjóðsins. Þótt ekki liggi fyrir tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2010 er ljóst að ekki þarf að grípa til aðgerða til leiðréttingar á tryggingafræðilegri stöðu.

Á árinu 2010 varð sjóðurinn aðili að samkomulagi fjármálastofnana um ýmsar aðgerðir til úrræða fyrir skuldsett heimili og einstaklinga. Bera þar hæst nýsamþykkt úrræði sem koma munu til framkvæmda á næstu vikum.

Staða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur batnað á árinu 2010 og hefur sjóðurinn verulega getu til fjárfestinga og mun nýta þau ávöxtunartækifæri sem vænta má að skapist á næstu misserum til eflingar á íslensku efnahagslífi.

Fulltrúar Félags atvinnurekenda í stjórn

Bogi Þór Siguroddsson og Birgir Bjarnason (varamaður) tóku við stjórnarsetu í Lífeyrissjóði verzlunarmanna 2008/2009.

